

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 29 ? 01.20. 2004

Þriðjudaginn 20. janúar, árið 2004 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15 Sauðárkróki. Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Málefni Loðskinns.
2. Samningur við Lambeyri ehf. um dreifikerfi í landi Laugarhvamms.
3. Hitaveitumál í Akrahreppi
4. Önnur mál.
 1. Hluthafafundur Fjölnets ehf.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Lagt fram ódagssett bréf og tölvupóstur dags. 19.01.04 frá framkvæmdarstjóra Staka ehf. á Akureyri Ormarri Örlygssyni, þar sem er óskað eftir viðræðum við fulltrúa Skagafjarðarveitna ehf. um málefni Loðskinns ehf. Veitustjóra falið að ræða við fulltrúa Staka ehf.
2. Lagður fram kaupsamningur dags. 14.01.04 milli Lambeyri ehf. kt. 440195-2459, Lambeyri 560 Varmahlíð og Skagafjarðarveitna ehf., um kaup Skagafjarðaveitna á dreifikerfi fyrir hitaveitu í landi Laugarhvamms. Kaupverð er 800.000.- m/vsk.. Stjórn Skagafjarðaveitna ehf. samþykkir framlagðan kaupsamning.
3. Rætt um hitaveitumál í Akrahreppi.
4. Önnur mál.
 1. Páll Pálsson gerði grein fyrir hluthafafundi Fjölnets 16.01.04.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.30